

# REGLUR

## um hönnunarsjóð.

### 1. gr. Hlutverk.

Hlutverk hönnunarsjóðs er að efla þekkingu og atvinnu- og verðmætasköpun á sviði hönnunar og arkitektúrs með fjárhagslegum stuðningi og ráðgjöf. Einnig að styrkja kynningar- og markaðsstarf erlendis sem stuðlar að útflutningi á íslenskri hönnun.

### 2. gr. Tekjur.

Hönnunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (frá 30. janúar 2014) og eru tekjur hans:

- a. Árlegt framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum.
- b. Aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

### 3. gr. Kostnaður.

Kostnaður af starfrækslu hönnunarsjóðs greiðist af tekjum sjóðsins, sbr. 2. gr.

### 4. gr. Stjórn.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tilnefnir einn fulltrúa, stjórn Hönnunarmiðstöðvar Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og einn er skipaður án tilnefningar og er hann formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varaformaður skal skipaður úr hópi stjórnarmanna. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn hönnunarsjóðs lengur en tvö samfelld starfstímabil.

### 5. gr. Úthlutun.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til einstaklinga, félaga, stofnana og fyrirtækja. Sjóðstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum að minnsta kosti einu sinni á ári á grundvelli úthlutunarreglna sem birtar eru á heimasíðu sjóðsins. Umsóknir skulu gerðar á eyðublöð sjóðsins. Styrkþegar skulu gera grein fyrir ráðstöfun styrkfjárins innan þriggja mánaða frá því verkefni lýkur.

Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að tiltekin verkefni hafi forgang við úthlutun styrkja enda sé þess getið í auglýsingum. Við mat á umsóknum er stjórninni heimilt að leita umsagnar fagaðila.

### 6. gr. Styrktarverkefni.

Heimilt er að veita þróunar- og rannsóknarstyrki, verkefnastyrki, markaðs- og kynningarstyrki og ferðastyrki svo og til annarra verkefna sem tilgreind eru í úthlutunarreglum, sbr. 5. gr.

### 7. gr. Gildistími.

Reglurnar tóku gildi 13. febrúar 2013.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. júní 2014*

## REGLUR um úthlutun styrkja úr hönnunarsjóði

### 1. gr

#### *Hlutverk og skipulag.*

Hlutverk hönnunarsjóðs er að efla þekkingar-, atvinnu- og verðmætasköpun á sviði íslenskrar hönnunar og arkitektúrs með fjárhagslegum stuðningi. Sjóðurinn styrkir jafnframt kynningar- og markaðsstarf erlendis sem stuðlar að auknum útflutningi íslenskrar hönnunar.

Hönnunarsjóður leggur áherslu á fjóra megin flokka og ákvarðar stjórn sjóðsins hlutdeild heildarfjármagns í hvern flokk hverju sinni.

- A. Próunar- og rannsóknarstyrkir
- B. Verkefnastyrkir
- C. Markaðs – og kynningarstyrkir
- D. Ferðastyrkir

Stjórn hönnunarsjóðs ber ábyrgð á úthlutun styrkja úr hönnunarsjóði. Stjórn hönnunarsjóðs er heimilt að gera samninga við til þess bæra aðila um almenna umsýslu vegna starfsemi sjóðsins.

### 2. gr

#### *Auglýsingar og umsóknir*

Stjórn hönnunarsjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki úr hönnunarsjóði í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Auglýst skal eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári og skal umsóknarfrestur vera a.m.k. sex vikur. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um tilgang og hlutverk sjóðsins, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum og hvar umsóknareyðublöð er að finna. Skilgreina skal umsóknarfrest og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

Stjórn hönnunarsjóðs er heimilt að leggja sérstaka áherslu á tiltekna þætti við mat á umsóknum og skal gerð grein fyrir því í auglýsingu.

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði hönnunarsjóðs. Í umsókn skal koma fram hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum og eftirfarandi upplýsingar og gögn eftir því sem við á:

- A. upplýsingar um umsækjanda og samstarfsaðila.
- B. tilgreina skal þann flokk sem sótt er um.
- C. upplýsingar um starfsferil og faglegan bakgrunn umsækjanda og samstarfsaðila.
- D. stutt greinargerð um verkefnið, helstu markmið og ávinning.
- E. verk- og tímaáætlun.
- F. fjárhagsáætlun; áætlaður kostnaður, tekjur og hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrki
- G. samstarfsaðilum og önnur þau gögn sem styðja umsókn.

### 3. gr

#### *Mat á umsóknum*

Stjórn hönnunarsjóðs metur styrkhæfi umsókna og ákveður afgreiðslu þeirra. Við mat á styrkhæfi skal gæta þess vandlega að allar umsóknir fái sanngjarna umfjöllun og ákvarðanir séu ávallt byggðar á faglegu mati.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- A. gæði og stöðu hugmyndar eða verkefnis.
- B. faglegum bakgrunni umsækjanda.
- C. að fjárhagsgrundvöllur verkefnisins sé fullnægjandi til lúkningar þess.
- D. gildi og mikilvægi verkefnis fyrir eflingu íslenskrar hönnunar og arkitektúrs.

Ekki eru veittir styrkir til rekstrar og umsýslu samtaka, fyrirtækja og stofnana, né til verkefna og viðburða sem þegar hafa átt sér stað. Við mat á umsóknum getur stjórn hönnunarsjóðs leitað umsagnar fagaðila, þegar þess er talin þörf.

#### 4. gr.

##### *Ákvörðun um styrkveitingar og eftirlit*

Stjórn hönnunarsjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar úr hönnunarsjóði á grundvelli faglegs mats á umsóknum og hefur eftirlit með því að styrkir séu notaðir til þess sem getið var í umsóknum.

Stjórn hönnunarsjóðs er heimilt að binda styrkveitingar skilyrðum er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Þá er stjórn hönnunarsjóðs heimilt að krefja styrkþega um áfangaskýrslu um framvindu verkefnisins ef þurfa þykir, hönnunarsjóði að kostnaðarlausu.

Lokagreiðsla styrkuppþæðar verður að jafnaði ekki innt af hendi fyrr en stjórn hönnunarsjóðs hefur borist greinargerð um verkefnið.

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, teufist framkvæmd þess úr hófi eða komi önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki fram innan eðlilegra tímamarka, getur stjórn hönnunarsjóðs tekið ákvörðun um að fella styrkveitingu niður. Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var, getur stjórn hönnunarsjóðs krafist þess að sjóðnum verði endurgreiddur styrkur í heild eða að hluta. Áður en ákvörðun er tekin um niðurfellingu styrks eða endurgreiðslu styrks skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Stjórn hönnunarsjóðs tilkynnir umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsókna. Styrkþegum skal jafnframt tilkynnt um skilyrði sem styrkveiting er bundin, eftirlit sem henni fylgir og viðurlög, ef út af bregður.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið\* sér um greiðslu styrkja. Viðtaka styrkfjár felur í sér viðurkenningu á að styrkþegi fallist á þau skilyrði sem styrkveiting er bundin.

Að verkefni loknu kynnir styrkþegi árangur og niðurstöður fyrir stjórn hönnunarsjóðs með skriflegri greinargerð í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok þess verkefnis sem styrkurinn var veittur eða með áfangaskýrslu nái verkefni yfir meira en eitt almanaksár.

Í slíkri skýrslu er m.a. óskað upplýsinga um:

- A. framvindu verkefnis sem hlaut styrk úr Hönnunarsjóði, árangur þess og afrakstur,
- B. nýtingu styrks, sundurliðun kostnaðar, aðra styrki og tekjur,
- C. hvort forsendur verkefnis, markmið, verkáætlun, skipulag og kostnaður hafi breyst og þá hvers vegna.

Hönnunarsjóður áskilur sér rétt til að nýta upplýsingar og myndefni um verkefni sem hlotið hafa styrk til kynningar á sjóðnum í samstarfi við styrkþega og að teknu tilliti til höfundarréttarlaga.

#### 5. gr.

##### *Styrktímabil*

Styrkir úr stjórn hönnunarsjóðs skulu veittir til ákveðinna verkefna. Nýti styrkþegi ekki styrk í samræmi við tímaáætlun verkefnisins, fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun á greiðslu hans. Umsókn um frest skal vera skrifleg og rökstudd.

Stjórn hönnunarsjóðs getur ákveðið að veita styrki eða vilyrði fyrir áframhaldandi styrkveitingum til verkefna sem taka til lengri tíma en eins árs.

Stjórn hönnunarsjóðs, 21. júní 2013

\*Var mennta- og menningarmálaráðuneytið, breytt eftir flutning hönnunarsjóðs til ANR 30. jan. 2014

